

# HANDBÓK

## UM SKRÁNINGU STAÐFANGA

### Leiðbeiningar með reglugerð

---

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS 2019  
ÚTG. 1.0.

#1

# EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	5
-----------	---

1. Um leiðbeiningarnar	6
2. Hvað er staðfang	6
3. Grundvöllur reglugerðar	7
4. Tengt efni	7

REGLUGERÐ UM SKRÁNINGU STAÐFANGA	8
----------------------------------	---

1. Markmið	8
2. Orðskýringar	10
3. Hlutverk og ábyrgð	11
4. Hverfi	13
5. Staðvísir	14
6. Staðgreinir	18
7. Staðsetning (hnit) staðfangs	21
8. Skráning og notkun staðfanga	22
9. Merking staðfanga	25
10. Staðföng og stjórnsýslan	26

ALGENGAR SPURNINGAR OG SVÖR	27
-----------------------------	----

Handbók um skráningu staðfanga

Útgefandi: Þjóðskrá Íslands

Hönnun og umbrot: Duodot ehf.

Prentun: Ásprent

# INNGANGUR

Staðfang inniheldur upplýsingar um staðsetningu mannvirkja og annarra áfangastaða, s.s. heimila, aðseturs fyrirtækja, frístundahúsa, áningarstaða, veitumannvirkja og opinna svæða. Staðfang er þýðing á enska hugtakinu Address og nær hugtakið yfir götuheiti og húsnúmer, sérheiti byggingar og landfræðilega staðsetningu, hvort sem um er að ræða heimili einstaklinga, aðsetur fyrirtækja eða staðsetning á t.d. fjarskiptamastri. Þannig hefur staðfang viðari merkingu en heimilisfang, þó eðli hugtakanna sé svipað.

Þjóðskrá Íslands heldur og miðlar landsþekjandi staðfangaskrá, en sveitarfélögin í landinu annast skráningu upplýsinganna og viðhald þeirra. Aðgengi að samræmdum gögnum verður sífellt mikilvægara þar sem ólíkir aðilar treysta á einkvæmar niðurstöður við uppflettingu, leit og rötun. Skráin er til að mynda notuð af neyðar- og viðbragðsþjónustu, við skráningu lögheimila, af fjarskipta- og veitufyrirtækjum, í leiðsögukerfum og við skipulagsvinnu. Samræmd skráning er ekki sist mikilvæg þegar nauðsyn krefur á um að tengja skrána öðrum lykilskrám, t.d. þegar rýma þarf stór svæði vegna náttúruhamfara. Að auki er skráin notuð við ýmiskonar rannsóknir og nefna má notagildi hennar sem stoðgagn í ákvarðanatöku stjórnvalda við útteilingu gæða og þjónustu.

## 1. UM LEIÐBEININGARNAR

Leiðbeiningar þessar eru settar fram sem stuðningur við [reglugerð 577/2017 um skráningu staðfanga](#)<sup>1</sup> er staðfest var af ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála 12. júní 2017. Þar segir í 18. gr.

„Þjóðskrá Íslands skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga gefa út leiðbeiningar og itarefni til þess að stuðla að samræmdri skráningu staðfanga skv. reglugerð þessari.“

Leiðbeiningarnar samanstanda af tveimur ritum. Hið fyrri hefur að geyma útskýringar á ákvæðum reglugerðarinnar, en í því síðara eru sett fram notkunardæmi til eftirbreytni við skráningu. Með tímanum munu farsællega leyst skráningardæmi svo bætast við og handbókin verða veigameira uppflettirit til handa skráningaraðilum. Þjóðskrá Íslands tekur fagnandi móti ábendingum um efnistöð og erum við alltaf tilbúin að aðstoða við úrlausn skráningar við raunverulegar aðstæður.


Tölvupóstfang okkar er [land@skra.is](mailto:land@skra.is)

## 2. HVAÐ ER STAÐFANG

Líkt og áður segir eru staðföng til þess gerð að veita upplýsingar um staðsetningu heimila, landeigna, mannvirkja, svæða eða annars álíka. Staðfang lýsir landfræðilegri staðsetningu aðkomu að mannvirki, landeign eða annars áfangastaðar. Staðfangið hefur bæði að geyma kerfisbundna lýsingu í orðum (t.d. miðað við gatnakerfi) sem og landfræðilegt hnit.

Myndin hér að neðan útskýrir stigveldi skráningareiginda staðfanga þar sem upplýsingar um staðsetningu verða sífellt nákvæmari eftir því sem eigindum fjölga. Að lokum vísar staðfangið á einn ákveðinn punkt í hnitakerfi sem við ímyndum okkur að liggja yfir öllu Íslandi.

Staðfang er tegund örnefnis og um skráningu þeirra gilda [lög nr. 22 um örnefni](#) frá árinu 2015. Hugtakið hefur breiða merkingu og er heimilisfang ein tegund staðfanga.



1. Reglugerð 577/2017 um skráningu staðfanga.

<https://www.reglugerð.is/reglugerdir/efrir-raduneytum/srn/nr/0577-2017>

Í reglugerðinni eru sett fram tvö ný hugtök sem þjóna sem samheiti yfir hluti sem við þekkjum mæta vel en höfum hingað til ekki endilega sett í sama flokk. Þetta eru:

**Staðvísir:** Samheiti yfir götu-, bæjar- og staðarheiti.

**Staðgreinir:** Samheiti yfir röðun við götu s.s. húsnúmer, bókstafi og viðskeyti.

## 3. GRUNDVÖLLUR REGLUGERÐAR

Reglugerð um skráningu staðfanga er sett á grunni lagaframvarps um örnefni frá árinu 2015. Í þeim lögum var hugtakið staðfang fyrst skilgreint í íslenskum lagastaf. Við setningu laganna voru jafnframt gerðar tilsvaranandi breytingar á lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 þar sem heiti staðfanga var tekið upp í stað fasteignaheita. Í athugasemdum með frumvarpinu segir:

„Breytingar á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, snúa fyrst og fremst að því að skilgreina staðfang sem sjálfstætt skráningarandlag í stað þess að vera eigind fasteignaskráningar. Þó svo að heiti fasteigna hafi áður fyrr verið helsta auðkenni þeirra eru þau sífellt minna notuð til auðkenningar innan stjórnsýslunnar. Í stað þeirra eru notuð einkvæm fasteignanúmer á landsvísu. Fasteign getur því haft mörg staðföng, þ.e. mismunandi aðkomuleiðir sem allar hafa skilgreint nafn, til að mynda ef um stóra eign er að ræða, svo sem fjölbýlishús, iðjuver, verslunarmiðstöð, spítala eða sumarhúsabyggð stéttarfélags. Með því að skilgreina staðfang á þennan veg, þ.e. sem sjálfstætt skráningarandlag, opnar það fyrir fjölbreyttari notkun staðfanga, ekki aðeins í fasteignaskráningu, heldur jafnframt í stjórnsýslunni allri, t.d. þjóðskrá, fyrirtækjaskrá sem og almannavörnum og neyðarþjónustu. Enn fremur kemur framangreint í veg fyrir margendurtekna söfnun sömu upplýsinga og misræmi því tengt. Ákvæðið tryggir þar

af leiðandi að a.m.k. eitt staðfang sé skráð fyrir hverja fasteign sem birtingarmynd fasteignarheitis. Í þessu sambandi ber að nefna að þinglýsingu fasteignaheita var hætt árið 2010 og er þetta því rökrétt skref í framhaldi af því, þ.e. að fasteignaheiti séu ekki lengur andlag þinglýsingarinnar.

Þá er mælt fyrir um að ráðherra skuli setja reglugerð um skráningu staðfanga. Í slíkri reglugerð er lagt til að kveðið verði m.a. á um skýrar verklagsreglur sveitarfélaga við skráningu þeirra. Samkvæmt þessu munu sveitarstjórnir koma beint að þessum málum og bera ábyrgð á nafngiftum og skráningu staðfanga í sínu umdæmi eins og hefur tíðkast um skráningu fasteignaheita fram til þessa. Staðföng eru samkvæmt núverandi framkvæmd skráð í miðlægum gagnagrunni á vegum Þjóðskrár Íslands. Með því fyrirkomulagi sem hér er mælt fyrir um færast ný nöfn staðfanga jafnframt í örnefnagrunni sem vistaður er hjá Landmælingum Íslands. Þetta leiðir til þess að skráningarferlið verður einfaldara og komið verður í veg fyrir misræmi í skráningu milli stofnana.<sup>2\*</sup>

Þannig eru staðföng skilgreind sem upplýsingar sem taldar eru til almannagæða og halda skal á einum stað til endurnota hvarvetna. Slíkar upplýsingar eiga að þjóna hagsmunum samfélagsins í heild.

## 4. TENGT EFNI

Eftirfarandi eru tenglar á leiðbeiningarefni sem nýst getur við skráningu staðfanga:

[Leiðbeiningar fyrir skráningarkerfi sveitarfélaganna Bygging](#)

[Leiðbeiningar Örnefnanefndar um nafngiftir býla, sveitarfélaga og náttúrufríbæra](#)

[Ritreglur Íslenskrar málnefndar](#)

2. Frumvarp til laga um örnefni, þingskjal 832 - 481. mál. Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013-2014.

<http://www.althingi.is/alttext/143/s/0832.html>

# REGLUGERÐ UM SKRÁNINGU STAÐFANGA

## 1. MARKMIÐ


### 1. gr. Markmið og gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um skráningu staðfanga á Íslandi. Markmið þessarar reglugerðar er að:

- a. tryggja gagnsæja, opna og skilvirka stjórnsýslu við skráningu örnefna,
- b. samræma skráningu staðfanga í þéttbýli og dreifbýli,
- c. samræma skráningu hverfa, götuheita og staðfanga til þess að auðvelda upplýsingaöflun um áfangastaði, staðsetningu lóða og aðkomu að mannvirkjum,
- d. tryggja aðgang neyðarþjónustu og almannavarna að samræmdum upplýsingum um ákveðnar byggðir eða svæði,
- e. tryggja skráningu og form landupplýsinga fyrir leiðsögutæki og stafrænar kortþjónustur.

Markmið reglugerðarinnar samræmast því sem hafa ætti að leiðarljósi þegar einstakt staðfang er ákvarðað. Huga skal að gagnsæi og samræmi í hvívetna og búa þannig um að ókunnugur rati hratt og örugglega á áfangastað.

Mikill fjárhagslegur ávinningur sem og tímasparnaður felst í því að færa skráningu sömu upplýsinga á einn stað. Með reglugerðinni er þess farið á leit að ein samræmd skrá geymi upplýsingar sem nýtast öllu samfélaginu. Samræmd skrá eykur möguleika á samspili ólíkra gagna og lágmarkar líkur á mistökum vegna misræmis.



## 2. ORÐSKÝRINGAR

Staðfang er þýðing á enska hugtakinu address og nær hugtakið yfir götuheiti og húsnúmer, sérheiti bygginga og landfræðilega staðsetningu, hvort sem um er að ræða heimili einstaklinga, aðsetur fyrirtækja eða staðsetning á t.d. fjarskiptamastri.

Hugtakið staðfang er einskona samheiti yfir staðsetningu áfangastaða. Hin hefðbundna þýðing enska hugtaksins address er vissulega heimilisfang, en þörf var á hugtaki sem næði yfir hina breiðu merkingu enska hugtaksins, þar sem átt er við staðsetningu fleiri fyrirbæra en heimila. Heimilisfang er sannarlega ein

tegund staðfanga, en aðrar tegundir staðfanga eru t.d. aðsetur fyrirtækja, staðsetning sumarhúsa, veitumannvirkja og áningarstaða.

Í reglugerðinni eru til viðbótar sett fram tvö ný samheitahugtök með það að markmiði að samræma skilning og notkun ólíkra aðila. Þetta eru hugtökin:

**Staðvísir:** Samheiti yfir götu-, bæjar- og staðarheiti.

**Staðgreinir:** Samheiti yfir röðun við götu s.s. húsnúmer, bókstafi og viðskeyti.

### 2. gr. Orðskýringar.


Í reglugerð þessari gildir:

- a. Örnefni er nafn, orð eða orðasamband, á landfræðilegum punkti, línu eða svæði sem hægt er að setja á landakort og vísar til eins ákveðins staðar innan ákveðins samfélags; lands, héraðs, sveitabæjar, þéttbýlisstaðar, húss, götu, torgs, vegar, fjalls, dals, stöðuvatns, fjarðar, hafsvæðis, skers, miðs o.s.frv., sbr. lög um örnefni.
- b. Hverfi skipta sveitarfélagi upp í eina eða fleiri landfræðilegar heildir, ýmist skilgreindar sem skipulagt þéttbýli eða dreifbýli.
- c. Staðfang lýsir landfræðilegri staðsetningu, svo sem aðkomu að mannvirki, lóð eða áfangastað. Í staðfangi eru fólgnar upplýsingar um nafn (staðvísir), númer (staðgreinir) og hnit (staðsetning). Staðfang er tegund örnefnis. Heimilisfang er tegund staðfangs.
- d. Staðvísir er nafnberi staðfangs. Dæmi um staðvísi er nafn götu, bæjar eða staðar. Ásamt heiti getur staðvísir samanstáðið af rómverskum tölustaf og/eða viðbættu örnefni til nánari aðgreiningar.
- e. Staðgreinir staðfangs er samsettur af arabískum tölustaf, bókstaf og/eða öðru viðbættu auðkenni og tryggir einkvæmni staðfangs innan staðvísis. Staðgreinir staðfangs getur auk þess geymt sérheiti, valkvæmt heiti sem gefið er mannvirki, svæði eða stað.
- f. Staðsetning staðfangs er hnit sem lýsir landfræðilegri legu staðfangs.
- g. Örnefnagrunnur er miðlægur gagnagrunnur sem inniheldur örnefni og gögn tengd þeim, sbr. lög um örnefni.
- h. Staðfangaskrá er miðlægur gagnagrunnur sem inniheldur upplýsingar um staðföng, sbr. staðvísa, staðgreina og staðsetningu (hnit).

## 3. HLUTVERK OG ÁBYRGÐ

Staðfangaskrá er samvinnuverkefni sex ólíkra aðila sem allir bera ábyrgð á afmörkuðum hluta skráningarinnar. **Sveitarfélög** bera ábyrgð á skráningu staðfanga innan sinna staðarmarka og að upplýsingarnar séu efnislega réttar. Sveitarfélag getur leitað ráðgjafar hjá **Stofnun Árna Magnússonar**, hvort sem er fyrir einstök staðföng eða stærri svæði. **Þjóðskrá Íslands** tekur á mótí skráningu sveitarfélaganna og ber ábyrgð á viðhaldi og miðlun staðfangagagnagrunns. Þess ber að geta að staðfangaskrá heyrir undir opin gögn ríkisins og er því miðlað

gjaldfrjálst. Einnig ber Þjóðskrá Íslands sérstaklega ábyrgð á miðlun gagnagrunnsins til Örnefnanefndar og Landmælinga Íslands. Staðföng eru tegund örnefna og færð inn í örnefnagrunn sem **Landmælingar Íslands** bera ábyrgð á. Rísi ágreiningur um nafn sem notað er til skráningar á staðfangi má skjóta honum til **Örnefnanefndar** til úrskurðar. Vert er þó að ítreka ráðgefandi hlutverk Stofnunar Árna Magnússonar. Leiki vafi á ágæti staðfangs getur sveitarfélag leitað álits þangað áður en ákvörðun er tekin um skráningu.





### 3. gr. Sveitarfélög.

Sveitarfélög annast nafngiftir, hafa umsjón með og bera ábyrgð á skráningu staðfanga innan staðarmarkna sveitarfélaga.

Sveitarstjórn skal að jafnaði fela byggingarfulltrúa upplýsingagjöf um staðföng. Þar sem byggingarfulltrúar eru ekki starfandi skal sveitarstjórn fela öðrum aðila upplýsingagjöfina. Byggingarfulltrúar eða aðrir sem sveitarstjórn hefur falið upplýsingagjöf bera ábyrgð á að upplýsingarnar séu efnislega réttar.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á að Þjóðskrá Íslands berist upplýsingar um staðföng í sveitarfélaginu.

### 4. gr. Þjóðskrá Íslands.

Þjóðskrá Íslands heldur staðfangaskrá og fer með viðhald gagnagrunns, gerð hugbúnaðar til skráningar, miðlun staðfanga til notenda og annað sem viðkemur uppbyggingu staðfangaskrár. Þjóðskrá Íslands skal miðla staðfangaskrá til Örnefnanefndar og Landmælinga Íslands í sem næst rauntíma.

Þjóðskrá Íslands getur, hvenær sem hún telur þörf á, látið endurskoða upplýsingar sem fyrir liggja um einstök staðföng. Slík endurskoðun skal gerð ef sýnt er fram á að upplýsingar gefa ekki rétta lýsingu á því staðfangi sem um ræðir.

### 5. gr. Landmælingar Íslands.

Landmælingar Íslands skulu halda örnefnagrunn samkvæmt lögum sem um hana gilda.

Ný staðföng skal skrá í örnefnagrunn sem vistaður er hjá Landmælingum Íslands.

### 6. gr. Stofnun Árna Magnússonar.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hefur leiðbeinandi hlutverk á sviði nafngifta nýrra staðfanga og veitir ráðgjöf til almennings, sveitarfélaga og stofnana um skráningu og varðveislu örnefna, örnefnavernd og nýjar nafngiftir.

### 7. gr. Örnefnanefnd.

Örnefnanefnd starfar samkvæmt lögum um örnefni. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt þessari reglugerð er að:

- veita rökstutt álit um örnefni vegna birtingar í opinberum örnefnagrunni, hafi risið ágreiningur um það efni og honum verið skotið til nefndarinnar,
- úrskurða um nýtt eða breytt bæjarnafn, götunafn eða annað nafn sem notað er til skráningar á staðfangi, hafi risið ágreiningur um það efni og honum verið skotið til nefndarinnar,
- veita umsögn um fyrirhugað nafn á nýjum þéttbýliskjarna eða hverfi innan sveitarfélags.

### 8. gr. Fasteignareigandi.

Eigandi fasteignar, sem telur sig eiga hagsmuna að gæta í skráningu staðfangs, getur krafist endurskoðunar sveitarfélags á fyrirbyggjandi upplýsingum.

Sveitarfélög bera, eins og fyrr segir, ábyrgð á skráningu staðfanga. Þjóðskrá Íslands getur þó, hvenær sem þurfa þykir, gert athugasemd við skráninguna, óskað eftir lagfæringum og er þar af leiðandi ráðgefandi við úrlausn skráningar. Ekkert er því til fyrirstöðu að bera staðföng undir Þjóðskrá Íslands áður en þau eru skráð.

Ný staðföng þurfa ekki fyrirfram samþykki Örnefnanefndar til skráningar hvort heldur sem er í dreifbýli eða þéttbýli. Sá háttur er

hafður á að Stofnun Árna Magnússonar fær reglulega afhenta skrá yfir nýja staðvísa þ.e. ný götu-, bæjar- eða staðarheiti (sjá kafla 5), til yfirferðar og getur skotið álitamállum til Örnefnanefndar til úrskurðar. Því er nauðsynlegt fyrir sveitarfélög að halda til haga ástæðu þess að tilgreindur staðvísir er nýskráður. Rökstuðningur er vistaður ásamt skráðum staðvísnum í gagnagrunni og miðlað samhliða þeim til Stofnunar Árna Magnússonar.

### 4. HVERFI

Sem stendur hefur skráning hverfa ekki verið útfærð í skráningarkerfum. Þegar þessar leiðbeiningar eru skrifaðar er frumvarp um pósthjónustu í meðförum Alþings. Þar er kveðið á um breytingar á póstnúmerakerfinu sem kunna að hafa mótandi áhrif á skráningu hverfa og kallað geta á breytingar á

reglugerðinni þar að lútandi. Bedið verður því með útfærslu 9. gr reglugerðarinnar. Sveitarfélög munu þó aldrei þurfa að skrá hverfi eða póstnúmer sérstaklega þar sem upplýsingarnar verða sóttar sjálfkrafa eftir staðsetningu hnits.

### 9. gr. Skilgreining hverfa.

Hverfi skipta sveitarfélögum í smærri varanlegar einingar sem afmarka heildstæð skráningarsvæði fyrir fasteigna-, götu- og staðfangaskráningu. Sveitarfélög sjá um skilgreiningu og nafngift hverfa. Hverfi tryggir einkvæmni staðfanga innan sveitarfélags.

### 10. gr. Auðkenning og afmörkun hverfa.

Auðkenni hverfa er hlaupandi heiltala sem er merkingarlaus og einkvæm á landsvísi.

Skýlt er að gefa hverfi þriggja bókstafa hverfiskóða sem auðkenni. Hverfi skulu bera heiti sem eru lýsandi fyrir það svæði sem um ræðir og í samræmi við lög um örnefni.

Hverfi eru landfræðilega innan staðarmarkna hvers sveitarfélags og tekur afmörkun þeirra mið af þeim landeignum sem innan hverfisins eru.

## 5. STAÐVÍSIR

### 11. gr. Skilgreining og skráning.

Skráning staðvísa er á hendi sveitarfélaga og samanstendur af heiti og eftir atvikum rómverskum tölustaf og/eða öðru viðbættu auðkenni, svo sem örnefni, til að tryggja einkvæmni viðkomandi staðvísis.

Staðvísi skal skrá eins fljótt og kostur er eftir að staðfest skipulag liggur fyrir.

Ekki er unnt að staðsetja öll staðföng við götur í eiginlegum skilningi. Því var farin sú leið að nota hugtakið **staðvísir** sem samheiti yfir götu, bæjar og staðarheiti hvers konar. Staðvísir er því einfaldlega nafnberi staðfangs og fyrsti hluti þeirra þriggja sem byggja upp staðfang: Staðfang = **Staðvísir** + Staðgreinir + Staðsetning

**1. Lína** sem leiðir okkur, svo ekki verði um villst, að þeim stað sem við viljum finna. Dæmi: Hefðbundin gata þar sem staðföngum er raðað með númerum í vaxandi röð. Heimreið þar sem íbúðarhúsum er raðað með númerum eftir skilgreindum reglum.

**2. Afmarkað svæði** sem staðfangið er sannarlega innan. Dæmi: Almenningsgarður þar sem staðfang er skráð fyrir hvern inngang. Heiti eyðijarðar eða eyju þar sem ekkert gatnakerfi er að finna.

Nafngiftir staðvísa heyra undir lög nr. 22/2015 um örnefni. Styðjast skal við [leiðbeiningar Örnefnanefndar um nafngiftir](#). Við stafsetningu, beygingu, notkun greinamerkjá, há- og lágstafa skal styðjast við [ritreglur Íslenskrar málnefndar](#).

Sömu grundvallarreglur eiga við hvar sem þann áfangastað sem staðfang á við, er að finna. Malbikuð gata, heimreið, moldarslóði, stígur eða stikuð leið - allt þetta getur verið staðvísir. Staðvísi má jafnframt líta á sem annað af eftirfarandi:

Rökstuðningur eða skýring með nafngift staðvísis verður vistuð á sama stað og staðvísirinn sjálfur. Þessum upplýsingum er miðlað til Stofnunar Árna Magnússonar og veita mikilvæga innsýn við mat á skráðum staðvísium.

Staðfang = **Staðvísir** + Staðgreinir + Staðsetning

### 12. gr. Auðkenning og einkvæmni staðvísa.

Auðkenni staðvísa er hlaupandi heiltala sem er merkingarlaus og einkvæm á landsvísu.

Auðkenni staðvísis verður ekki breytt. Ef nafn staðvísis breytist helst auðkennið óbreytt til að viðhalda tengingu við aðrar skrár.

Nöfn staðvísa eru ákveðin í samræmi við lög um örnefni. Fyrir sérhvern staðvísi lengri en 20 stafabil er geymd styttri og eftir atvikum skammstöfuð útgáfa.

Ekki skal nota samhljóða eða lík heiti staðvísa innan hverfis. Heiti staðvísa teljast lík ef munur á milli þeirra kemur aðeins fram í:

- stafsetningu en heyrir ekki í framburði,
- ólíkri fallbeygingu sömu orða,
- eintölu-/fleirtölumynd,
- bili, bandstriki, há-/lág-/tölustöfum eða öðru slíku.



Staðvísir samanstendur af **heiti** og eftir atvikum **rómverskum tölustaf og/eða öðru viðbættu auðkenni**, svo sem örnefni, til að stuðla að einkvæmni. Þarfir eru ólíkar eftir því hvernig staðvísirinn er í sveit settur og því er boðið uppá ólíka samsetningu upplýsinga.

Allir staðvísar þurfa að innihalda að minnsta kosti **heiti** en að auki er boðið uppá notkun númera og viðskeyttrar lýsingar eftir þörfum. Staðvísir getur þannig verið samsettur úr þrem eigindum:

**Heiti + rómv.tölustafur + viðskeyti.**

Staðfang = **Staðvísir** + Staðgreinir + Staðsetning



### 13. gr. Notkun staðvísa.

Eftirfarandi reglur gilda um notkun staðvísa:

1. Staðvísar götuheita skulu einkenna afmarkað umferðarsvæði innan hverfis þar sem staðgreinar raðast rökrétt í hækkandi röð og eru leiðandi fyrir notendur.
2. Ef ekki er hægt að tryggja einkvæmni staðvísa bæjarheita er heimilt að nota annað viðbætt auðkenni til aðgreiningar. Það getur verið:
  - a. Rómverskir tölustafir: notaðir til að aðgreina tvö eða fleiri staðföng, sem bera sama bæjarheiti, innan sömu upprunajarðar.
  - b. Viðbætt örnefni: notuð til að aðgreina samnefni eða lík bæjarheiti innan hverfis eða sveitarfélags.
3. Staðvísar staðarheita. Sveitarfélagi ber að úthluta staðarheitum til mannvirkja og/eða svæða sem hafa skýra landfræðilega afmörkun, t.d. áningarstaða, virkjana, fjallaskála, fjarskiptamannvirkja og vita.

Sjaldnast er þörf fyrir meira en heitið sjálft til auðkenningar staðvísa. Í þeim tilfellum eru eigindirnar rómverskur tölustafir og viðskeyti einfaldlega skildar eftir óútfylltar. Hér á eftir fara þrjú dæmi um ólíka samsetningu staðvísa:

1. Staðvísirinn „Laugavegur“ leiðir okkur að réttri götu með einföldu **heiti**:

Heiti	Laugavegur
Bæjarnr./Rómv.nr.	
Lýsing/Viðskeyti	
<b>STAÐVÍSIR</b>	<b>LAUGAVEGUR</b>



**Staðfang = Staðvísir + Staðgreinir + Staðsetning**


2. Staðvísirinn „Bakki II“ leiðir okkur upp rétta heimreið þegar um fleiri heimreiðar með sama heiti er að ræða, t.d. Bakki I, Bakki II og Bakki III:

Heiti	Bakki
Bæjarnr./Rómv.nr.	II
Lýsing/Viðskeyti	
<b>STAÐVÍSIR</b>	<b>BAKKI II</b>



3. Staðvísirinn „Hólar í Hjaltadal“ leiðir okkur án vafa að réttum „Hólum“ innan sama sveitarfélags:

Heiti	Hólar
Bæjarnr./Rómv.nr.	
Lýsing/Viðskeyti	Í Hjaltadal
<b>STAÐVÍSIR</b>	<b>HÓLAR Í HJALTADAL</b>



Forðast skal að nota samhljóða eða lík heiti fyrir staðvísa þar sem hættu er á ruglingi. Heitin Háhlíð og Háahlíð teljast til að mynda ólík. Sama myndi gilda um heitin Fellsbraut og Fjallsbraut. Þá hljóma heitin Barrtún og Barðstún ansi líkt þegar fram borin.

Haldin er skrá yfir alla staðvísa innan hvers sveitarfélags. Skráin geymir staðvísi í öllum föllum auk styttrar útgáfu hans. Ef staðvísir hefur einu sinni verið skráður er hægt að tengja hann aftur og aftur við ólík staðföng, allt eftir þörfum. Þannig er götuheitið „Laugavegur“ á lista yfir staðvísa í sveitarfélaginu Reykjavíkurborg. Þegar ný staðföng eru gerð við Laugaveg er staðvísirinn

„Laugavegur“ sóttur og á hann hengdur viðeigandi staðgreini, t.d. húsúmer og bókstafur (sjá kafla 6). Með þessu móti má kalla fram með einföldum hætti hverja þá birtingarmynd sem óskað er.

Stytt eða skammstöfuð útgáfa er geymd fyrir sérhvern staðvísi lengri en 20 stafabil. Sveitarfélag þarf að ákvarða sérstaklega hvernig stytta útgáfan er framsett. Stöðluð stytting eykur enn frekar á gæði skrárinnar þar sem unnt er að nálgast samræmdar upplýsingar til notkunar þar sem ekki er kostur á notkun í fullri lengd, t.d. á skiltum og vegvísingum, við myndræna framsetningu eða í tölvuforritum.


**Staðfang = Staðvísir + Staðgreinir + Staðsetning**

## 6. STAÐGREINIR

Oftast, einkum í þéttbýli er þörf á nánari aðgreiningu en staðvísir veitir einn og sér. Þá eru notaðir **staðgreinar**, en þeir eru annar hluti þeirra þriggja sem byggja upp staðfang: Staðfang = Staðvísir + **Staðgreinir** + Staðsetning

Einfaldasta mynd staðgreinis er húsnúmer. Að auki má bæta við bókstaf og viðskeyti þar sem við á. Staðgreini skal setja saman þannig að hann greini á sem nákvæmasta hátt frá staðsetningu áfangastaðar í samhengi við nánasta umhverfi. Almennt skal styðjast við þá reglu að nota númer sem fyrsta kost.

Ef það nægir ekki til aðgreiningar skal grípa til bókstafs og ef hann nægir ekki heldur má nota viðskeyti. Hér má sjá dæmi um staðgreini þar sem fleiri eigindir koma að notum eftir því sem nánari aðgreiningar er þörf.



1. Hús er staðsett við Grundagötu og er þriðja hús hægra megin. Húsnúmerið 6 dugur til að aðgreina það frá öðrum húsum við götuna og staðgreinirinn er þá einfaldlega 6.
2. Byggð er viðbygging við Grundagötu 6 og er sérinngangur að flúð þar. Þá eru notaðir bókstafir til að greina á milli innganganna tveggja og staðgreinarnir verða 6A og 6B.
3. Hús er byggt bakatil og aðkoman að því húsi er á milli Grundagötu 6B og 8. Bakhúsið gæti einfaldlega fengið bókstafinn C viðbætt við húsnúmerið. Í einhverjum tilfellum gæti þótt ástæða til að vekja athygli á staðsetningu hússins bakatil og orðinu „bakhús“ verið skeytt aftanvið. Staðgreinirinn væri þá 6C bakhús.

Framangreint er aðeins nefnt sem dæmi um mögulega útfærslu. Sjaldnast er þörf á svo mikilli aðgreiningu. Þumalputtareglan á að

vera sú að nota bókstafi og viðskeyti eins sparlega og hægt er. Ef möguleiki er á notkun númera eingöngu skal alltaf fara þá leið.

**Staðfang = Staðvísir + Staðgreinir + Staðsetning**

## 15. gr. Staðgreinir staðfangs.

Staðgreinir getur samanstaðið af arabískum tölustöfum, bókstaf og/eða öðru viðbættu auðkenni.

Staðgreinum við götur í skipulagðri byggð er úthlutað í hækkandi númeraröð eftir götu og raðast oddatölur vinstra megin en sléttar tölur hægra megin. Lokaðar götur skulu tölusettar frá þeim enda sem tengdur er gatnakerfinu. Aðrar götur skulu tölusettar frá þeim enda sem næst liggur skilgreindum miðpunkti viðkomandi þéttbýlis eða tengingu við þjóðveg.

Við úthlutun staðgreina má skilja eftir eyður í númeraröð ef fyrirséð er að frekari uppbygging geti orðið við götu.

Ef skipulag ákveðins svæðis er á þann veg að erfitt er að fylgja framangreindum reglum þá er heimilt að númera staðgreina með öðrum rökrænum hætti án þess að tekið sé tilliti til oddatalna eða slétttra talna.

Við nafngift jarða er óheimilt að nota tölusetta staðgreina en heimilt er að nota bókstafi og viðskeyti.

Sérheiti mannvirkja, svæða eða staða flokkast sem viðbætt auðkenni staðgreina. Við skráningu sérheita innan hverfis skal forðast að nota samhljóða eða lík heiti.



**Staðfang = Staðvísir + Staðgreinir + Staðsetning**

Á fyrstu skipulagsstigum nýrra hverfa skal sérstaklega leitast við að nota aðeins húsnúmer sem staðgreina og þá sérstakt húsnúmer fyrir hvern væntanlegan sérinngang (sjá nánar í notkunardæmum). Þannig má forðast þörf á endurnúmeringu ef kemur til breytinga á skipulagi þar sem allir bókstafir eru þá enn tiltækir.

Númer skulu vera á forminu arabískar heiltölur í hækkandi röð. Almennt skal nota oddatölur vinstra megin götu og sléttar tölur hægra megin. Lokaðar götur skal tölusetja frá þeim enda sem tengdur er gatnakerfi. Aðrar götur skal tölusetja frá þeim enda sem liggur nær skilgreindri miðju þéttbýlis.

Bókstaf skal rita sem stóran staf skv. ritreglum og nota skal latneska stafi. Ekki skal nota séríslenska stafi. Ekki er ráðlegt að nota

stafrófið lengra en upp í H þar sem stafir þar eftir líkjast tölustöfum of mikið, sbr. I og O og hætta er á ruglingi, sbr. 4I og 41. Við skráningu viðskeyta skal miða við ritreglur.

Ekki er endilega gert ráð fyrir samfellu í númeraröð. Númer geta því horfið úr númeraröð ef skipulag breytist. Einnig er heimilt að skilja eftir númer í röð t.d. þegar frekari uppbygging er fyrir séð.

Unnt er að skrá sérheiti mannvirkja, svæða eða staða sem viðbætt auðkenni staðgreina. Sérheiti standa ekki ein og sér, heldur í samhengi við þau staðföng sem þau tengjast. Sem dæmi má nefna eldri húsheiti eða jafnvel heiti verslunarmiðstöðva sem hafa fleiri en einn inngang. Sama sérheitið getur þannig átt við fleiri en eitt staðfang.

## 7. STAÐSETNING (HNIT) STAÐFANGS

Þriðji hluti þeirra þriggja sem byggja upp staðfang er **staðsetning** á formi hnits í hnitakerfi: Staðfang = Staðvísir + Staðgreinir + **Staðsetning**

### 16. gr. Staðsetning staðfangs.

Sérhvert staðfang fær hnit sem er staðsett á mannvirki eða innan eignamarka landeignar, ef ekkert mannvirki er til staðar.

Hnit staðfangs er sett innan grunnflatar mannvirkis þannig að það endurspegli sem best inngang þess.

Ef staðfang á við óbyggð svæði miðast hnit staðfangs við bestu mögulegu aðkomu, þó innan marka þeirrar landeignar sem staðfangið á við um. Þar sem um er að ræða svæði sem ekki eru í byggð skal leitast við að hnitsetja staðfang við rústir eða aðrar menningarminjar þar sem það á við.

Ef ekkert af ofangreindu virðist eiga við, þ.e. ef um er að ræða óbyggða landeign án merkjanlegrar aðkomu eða menningarminja, skal þess gætt að hnit staðfangs sé sannanlega innan afmörkunar hennar.

Hnit staðfanga eru færð inn í þar til gerðum kortaglugga í skráningarkerfi sveitarfélaganna. Hnit skal staðsetja miðað við nákvæmstu upplýsingar er liggja fyrir á hverjum tíma. Í einhverjum tilfellum gefa bestu upplýsingar aðeins grófa mynd af staðsetningu, en í öðrum er unnt að staðsetja hnit þannig að þau endurspegli inngang mannvirkis eða skilgreinda aðkomu svæðis.

Viðbragðsaðilar og leiðsögutæki nota hnit staðfanga til að ákvarða aksturleiðir og því er mikilvægt að hnit endurspegli aðkomu eftir fremsta megni. Í tilfelli stærri mannvirkja getur skipt máli hvar innan byggingar hnitíð er staðsett. Illa staðsett hnit, t.d. nær bakhlið

mannvirkis, getur gefið rangar upplýsingar um akstursleið til viðbragðsaðila.

Vert er að nefna samspil ýmiskonar svæðaskiptingar og staðsetningar hnita. Póstnúmer staðfangs ræðst til að mynda af afmörkun pósts svæða. Staðsetning hnita á mörkum pósts svæða getur því ráðið því hvaða póstinúmeri heimili tilheyrir.

Þar sem staðfang svarar til mannvirkis er mikilvægt að staðsetja hnit þess innan ytri marka mannvirkisins. Þannig er hægara um vik að tengja staðföngin öðrum skráðum mannvirkið og forðast þannig endurtekna skráningu sömu upplýsinga.

**Staðfang = Staðvísir + Staðgreinir + Staðsetning**

**Staðfang = Staðvísir + Staðgreinir + Staðsetning**

## 8. SKRÁNING OG NOTKUN STAÐFANGA



Staðvísir + staðgreinir + staðsetning (hnit) myndar eina heild sem er STAÐFANG. Staðfang er þannig safn þeirra upplýsinga sem búið er að skrá um staðsetningu viðkomandi fyrirbæris. Staðfangið gefur leiðandi upplýsingar eftir stigveldi um staðsetningu áfangastaðar.

Huga þarf að staðföngum strax á skipulagsstigi framkvæmda, en við úthlutun þeirra má skilja eftir eyður í númeraröð ef fyrir séð er um frekari uppbyggingu.



Hér á eftir fara nokkur dæmi um hvernig ólík staðföng eru sett saman úr staðvísium, staðgreinum og hnitum:

### 1. Staðfang við hefðbundna íbúðagötu í þéttbýli

STAÐVÍSIR		STAÐGREINIR	
Heiti	Aðalstræti	Húsnúmer	2
Bæjarnr. / Rómvr.nr.	-	Bókstafur	A
Lýsing / Viðskeyti	-	Viðskeyti	-
		Hnit	541967,575287

**STAÐFANG:** Aðalstræti 2A

### 2. Staðfang býlis í dreifbýli þar sem ekki er þörf á staðgreini

STAÐVÍSIR		STAÐGREINIR	
Heiti	Grund	Húsnúmer	-
Bæjarnr. / Rómvr.nr.	II	Bókstafur	-
Lýsing / Viðskeyti	-	Viðskeyti	-
		Hnit	541967, 575287

**STAÐFANG:** Grund II

### 3. Staðfang fyrir veitumannvirki í þéttbýli

STAÐVÍSIR		STAÐGREINIR	
Heiti	Listabraut	Húsnúmer	173
Bæjarnr. / Rómvr.nr.	-	Bókstafur	C
Lýsing / Viðskeyti	-	Viðskeyti	spennistöð
		Hnit	541967, 575287

**STAÐFANG:** Listabraut 173 C spennistöð

Hver landeign hefur tengingu við að minnsta kosti eitt staðfang. Hægt er að tengja eins mörg staðföng og þörf er á við eina og sömu landeignina, eins og til dæmis þar sem fjölbýlishús með tvo eða fleiri stigaganga er að finna eða tvíbýli með sérinnganga. Staðföng

eiga alltaf að geta staðið ein og sér og nýttast til rötunar óháð afstöðu þeirrar landeignar sem þau kunna að vera tengd. Ef afmörkun landeigna breytist, eru staðföng einfaldlega flutt milli landeigna (sjá nánar „Leiðbeiningar við skráningarkerfið Bygging“ á skra.is).

#### 14. gr. Notkunarvið.

Staðfang skal skrá eins fljótt og kostur er eftir að staðfest skipulag liggur fyrir.

Staðfang ber alla jafna að tengja þeim staðvísi sem samræmist best skilgreindri aðkomu. Staðfang samanstendur af staðvísi, staðgreini og hniti og er skráð af sveitarfélagi.

Ef eignaskiptayfirlýsing er gerð um land eða mannvirki ber að lagfæra staðfangaskrá til samræmis ef þörf krefur.

Sérhvert landeignanúmer skal hafa vensl við að a.m.k. eitt staðfang óháð fjölda mannvirkja. Heiti landeignar ræðst af þeim staðföngum sem henni tengjast.

## 9. MERKING STAÐFANGA

### 17. gr. Uppsetning merkinga.

Merkingum, svo sem vegvísunum og skiltum, er ætlað að auðkenna staðfang og vísa vegfaranda á áfangastað.

Sveitarfélag ber ábyrgð á merkingu hverfa og staðvísa götuheita en fasteignareigandi ber ábyrgð á merkingu staðvísa bæjar- og staðarheita og á merkingu staðgreina.

Heiti hverfa ber að merkja á alfaraleiðum við hverfamörk.

Skilti skal sett upp á áberandi stað við upphaf hverrar götu, við heimreið að bæjum, sem og annars staðar þar sem skipulögð er ak- og/eða gangfær aðkoma. Stigar sem bera götuheiti skulu einnig vera merktir þar sem gengið er inn á þá.

Merkingar fasteigna skulu vera sjáanlegar frá götu. Letur skal vera læsilegt og æskilegt er að númer staðgreina ritist með tölustöfum.

Ef sveitarfélag telur merkingu fasteignar ábótavant og fasteignareigandi hefur ekki sinnt áskorun um úrbætur, hefur sveitarfélag heimild til að hafa frumkvæði að merkingu á kostnað fasteignareiganda.

Sveitarfélög geta útfært nánari reglur um merkingar.

Hámarksgæðum staðfanga er ekki náð nema með greinagóðum merkingum s.s. vegvísunum og skiltum. Sveitarfélög bera ábyrgð á merkingum staðvísa (gatna) en fasteignareigandi ber sjálfur ábyrgð á að merkja fasteign sína með staðgreini (númeri, bókstaf, viðskeyti).

Huga skal sérstaklega að sýnileika fyrir neyðarþjónustu og aðra þjónustuaðila. Sveitarfélögum er heimilt að útfæra nánari reglur um merkingar innan sinna staðarmarka ef þurfa þykir.

## 10. STAÐFÖNG OG STJÓRNSÝSLAN

Mismunandi verkferlar gilda um breytingu staðfanga hjá sveitarfélögum. Sveitarstjórn ber ábyrgð á skráningu staðfanga og að Þjóðskrá Íslands berist upplýsingar um staðföng í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn getur falið nefndum eða embættum vald til ákvarðana og skráningar. Skráningaraðilar þurfa að vera meðvitaðir um ferla innan síns sveitarfélags.

Að mati Skipulagsstofnunar heyra skráning og/eða breytingar á skráningu staðfanga ekki undir breytingar á deiliskipulagi. Sveitarfélag getur því lagfært tilhögun staðfanga hvenær sem þurfa þykir.

Ef eignaskiptayfirlýsing er gerð um land eða fjöleign ber að lagfæra staðföng til samræmis

eins fljótt og auðið er. Búa þarf til ný staðföng þar sem þörf er á og eyða staðföngum sem eiga ekki lengur við. Sérstaklega þarf að gæta að samhengi skráningar í þessum tilfellum (t.d. lögheimilisskráningu) og tengja eignir við rétt staðföng.

Breyting á skráningu staðfanga er ekki svokölluð stofnhlutabreyting og krefst því ekki staðfestingar sýslumanns.

Þegar ákvörðun er tekin um að breyta staðfangi sem er lögheimili einstaklinga, ber sveitarfélag ábyrgð á því að upplýsa viðkomandi einstaklinga um breytinguna.

## ALGENGAR SPURNINGAR OG SVÖR

### 1. ÞARF AÐ BREYTA DEILISKIPULAGI TIL ÞESS AÐ BREYTA STAÐFÖNGUM?

Að mati Skipulagsstofnunar heyra skráning og/eða breytingar á skráningu staðfanga ekki undir breytingar á deiliskipulagi. Sveitarfélag getur því lagfært högun staðfanga hvenær sem þurfa þykir.

### 2. HVERS VEGNA HEITIR ÞETTA EKKI BARA HEIMILISFANG?

Staðfang er þýðing á enska hugtakinu Address og nær hugtakið yfir götuheiti og húsnúmer, sérheiti byggingar og landfræðilega staðsetningu hvort sem um er að ræða heimili einstaklinga, aðsetur fyrirtækja eða staðsetningu á t.d. fjarskiptamastri. Þannig er merking hugtaksins staðfangs víðari en heimilisfangs, þó eðli hugtakana sé svipað.

### 3. HVAR Á AÐ HNITA STAÐFANG?

Hnit skal staðsetja miðað við nákvæmstu upplýsingar er liggja fyrir á hverjum tíma. Í einhverjum tilfellum gefa bestu upplýsingar aðeins grófa mynd af staðsetningu, en í öðrum er unnt að staðsetja hnitin þannig að þau endurspeglu inngang mannvirkis eða skilgreinda aðkomu svæðis.

Viðbragðsaðilar og leiðsögutæki nota hnit staðfanga til að ákvarða aksturleiðir og því er mikilvægt að hnit endurspegli aðkomu eftir fremsta megni. Í tilfalli stærri mannvirkja getur skipt máli hvar innan byggingarinnar hnitin er staðsett. Illa staðsett hnit, t.d. nær bakhlið mannvirkis, getur gefið rangar upplýsingar um akstursleið til viðbragðsaðila.

Vert er að nefna samspil ýmiskonar svæðaskiptingar og staðsetningar hnita. Póstnúmer staðfanga ræðst til að mynda af afmörkun pósts svæða. Staðsetning hnita á mörkum pósts svæða getur ráðið því í hvaða póstnúmeri heimili lendir.

Þar sem staðfang svarar til mannvirkis er mikilvægt að staðsetja hnit þess innan ytri marka mannvirkisins. Þannig er hægara um vik að tengja staðföngin öðrum skráum er varða mannvirkið og forðast þannig margskráningu sömu upplýsinga.

### 4. ÞARF ÉG AÐ BREYTA MERKINGUNNI Á HÚSINU MÍNU Í HÁSTAF?

Ef húsið þitt er merkt lágstaf, en með skýrum og greinilegum hætti er ekki ástæða til að breyta merkingunni. Æskilegt er að merkingar endurspegli skráð staðfang nákvæmlega, en smávægileg frávik, eins og há- eða lágstafur, eiga ekki að koma að sök. Sveitarfélögum er þó heimilt að setja reglur um merkingar og því æskilegt að kanna málin þar.

### 5. INNGANGUR Í ÍBÚÐINA MÍNA ER FRÁ ANNARRI GÖTU EN HÚSIÐ ER SKRÁÐ VIÐ. HVERNIG FÆ ÉG STAÐFANG VIÐ RÉTTA GÖTU?

Ef fleiri en einn inngangur eru að húsinu, en aðeins eitt staðfang skráð þarf að tala við sveitarfélagið og óska eftir því að fá fleiri staðföng skráð. Gefðu greinargóðar upplýsingar um hvernig aðgengi að inngöngum er háttað og sveitarfélagið sér til þess að þitt staðfang endurspegli aðkomuna.



**6. HVAR FINN ÉG LISTA YFIR STAÐFÖNG Í SVEITARFÉLAGINU/BÆNUM/ SVEITINNI?**

Staðfangaskrá er aðgengileg gjaldfrjálst til niðurlags á vef okkar, skra.is. Þá skrá er hægt að færa inn í landupplýsingakerfi eða töfluforrit eins og Excel. Einnig er hægt að fletta upp staðföngum í fasteignaleitinni á forsíðu okkar. Þá er hægt að skoða staðföng í samhengi við skráningu landeigna í [Vefsíðu landeigna](#).

Lista yfir ákveðin svæði er hægt að panta sem sérvinnslu, en umsóknir er að finna á skra.is undir „Umsóknir“, eyðublað Z-853 (listi) og Z-859 (hnitagögn). Nánari upplýsingar veitir upplýsinga- og samskiptadeild Þjóðskrár Íslands.

**7. GETA FALLEGIR ÚTSÝNISSTAÐIR HAFT STAÐFANG?**

Já. Áfangasstaðir svo sem áning og útsýnisstaðir fá sitt eigið staðfang. Staðfangið þarf að endurspegla aðkomu að staðnum. Dæmi um staðfang fyrir áningarstað má sjá í hefti 2.

**8. MÁ JÖRÐIN MÍN HEITA HVÆÐ SEM ÉG VIL?**

Sveitarfélög bera ábyrgð á nafngiftum innan sinna staðarmarkna. Ef breyta á heiti eða skrá ný þarf að sækja um það hjá sveitarfélaginu. Sú breyting hefur tekið gildi á jarðalögum að ekki þarf álit Örnefnanefndar fyrirfram við upptöku nýrra eða breyttra heita. Sveitarfélög eru þó hvött til að leita áhlits hjá Stofnun Árna Magnússonar við nafngiftir. Styðjast skal við leiðbeiningar Örnefnanefndar um nafngiftir. Við stafsetningu, beygingu, notkun greinamerka, há- og lágstafa skal styðjast við almennar ritreglur Íslenskrar málnefndar. Heiti sem ekki samræmast reglum um nafngiftir má vísa til Örnefnanefndar til úrskurðar.

**9. STAÐFANGIÐ MITT ER EKKI LÝSANDI, HVERNIG FÆ ÉG ÞVÍ BREYTT?**

Finnir þú þörf fyrir breytt staðfang eða fjölgun þeirra hefur þú samband við þitt sveitarfélag (oftast skipulags- og/eða byggingarfulltrúaembætti) og óskar eftir lagfæringum.

**10. GET ÉG LÁTID FELA STAÐFANGIÐ MITT?**

Staðföng eru opinberar upplýsingar og því opin til almennrar notkunar. En samkvæmt 7. gr laga um lögheimili og aðsetur getur Þjóðskrár Íslands heimilað einstaklingi og fjölskyldu hans að fá lögheimili sitt dulið í þjóðskrá og að því verði ekki miðlað.

**11. ÞAÐ ER ANNAÐ STAÐFANG EINS OG MITT HÉR Í SAMA PÓSTNÚMERI. MÁ ÞAÐ?**

Reglugerðin kveður á um að ekki skuli nota samhljóða eða lík staðföng innan sama hverfis. Því miður hafa pósthúsið tekið töluverðum breytingum og sú staða komin upp að sama pósthúsið nær víða yfir stór landsvæði. Unnið er að úrlausn þessa vandamáls. Ekki er æskilegt að nýskrá samhljóða staðföng innan pósthúsnúmers, en ekki er gerð krafa um að breyta staðföngum sem þegar hafa verið skráð. Besta leiðin í bili er að bæta lýsandi viðskeyti við staðföngin þar sem til dæmis er vísað í gömlu hreppana.

**12. ÞURFA MILLISPILDUR OG VEGSVÆÐI STAÐFÖNG?**

Skv. lögum um skráningu og mat fasteigna skulu allar fasteignir hafa vísan í að minnsta kosti eitt staðfang. Því þarf að skrá staðfang fyrir allar landeignir. Í tilfalli millispilda og vegsvæða þarf þó ekki að fara nákvæmlega eftir ákvæðum reglugerðarinnar í nafngiftum þar sem þau staðföng eru ekki ætluð til rötunar.

**13. ÞURFA ÚTÍHÚS STAÐFÖNG?**

Ef útihús eru einu mannvirki sem skráð eru á jörð þarf að gefa þeim staðfang. Við hafa sérstakar landeignir verið stofnaðar undir íbúðarhúsi og þær aðskildar jörðunum. Þá fá íbúðarhúsin sitt staðfang, en að minnsta kosti eitt þarf þó að vera eftir á jörðinni. Ef húsakostur er á jörðinni, er eðlilegast að staðfangið vísi á þann húsakost.

**14. EF MÖRG STAÐFÖNG ERU Á HÚSINU MÍNU, HEF ÉG ÞÁ MÖRG LÖGHEIMILI?**

Einstaklingur getur aðeins haft eitt lögheimili. Ef þú býrð t.d. í fjölbýlishúsi með þrjú innganga eru þar þrjú staðföng. Þú hefur þó aðeins lögheimili á einu þeirra.

**15. HVERSVEGNA MÁ EKKI NOTA BÓKSTAFI Á EFTIR H Í STAFRÓFINU?**

Bókstafir upp að H í stafrófinu eru ekki líkir neinum tölustöfum og því ekki hættu á að rugla þeim saman við slíka. Á eftir H koma nokkrir stafir sem er auðveldlega hægt að rugla við tölustafi, eins og I og O. Því er mælt til að nota stafrófið ekki lengra en upp í H.

**16. HVERSVEGNA NOTUM VIÐ ERLENDA BÓKSTAFI EINS OG C EN EKKI SÉRÍSLenska STAFI?**

Við þessu er ekkert gott svar. Þarna erum við á valdi hefðarinnar - í raun væri jafn eðlilegt að nota séríslenska stafi í staðgreini eins og að nota þá í götu- og bæjarheitum. Oftast er þó um að ræða mjög líka stafi þar sem munur kemur aðeins fram í kommu eða punkti sbr. A, Á og O, Ö. Sama hefur er á öllum Norðurlöndunum og ekki borist sérstaklega til tals að bregða útaf henni.

